



Merkileg saga

Snæfjallaströndin býr yfir merkilegri sögu og mikilli náttúrufegurð. Talið er að byggð hafi þrífist þar allt frá landnámsöld. Ekki er allt jafn fagurt í þeirri sögu en hin alræmdu Spánverjavíg áttu sér stað á Snæfjallaströnd árið 1615. Sýning um *Spánverjavígin* hefur verið sett upp í Dalbæ.

Talsvert útræði var á Ytri-Strönd fram eftir 20. öld og fjölgaði íbúum þar jafnt og þétt þar til íbúafjöldinn náði hámarki um aldamótin 1900 en þá er talið að allt að 350 manns hafi búið á Ströndinni. Í Dalbæ er sýning um skólalald í Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum, sett upp í tilefni af 100 ára afmæli fræðslulaga. Á Snæfjallaströnd var starfræktur heimangönguskóli, en skólalald lagðist þar af árið 1947. Íbúum fór hægt fækkandi þar til byggð lagðist af í Snæfjallahreppi árið 1995 er síðasti bóndinn yfirgaf sveitina.

Horfin býli og huldar vættir

Það má því ljóst vera að þegar gengið er um Snæfjallaströndina er sagan við hvert fótímal. Því er tilvalið að koma við í Dalbæ og skoða sögusýninguna *Horfin býli og huldar vættir í Snæfjalla-* og



Grunnavíkurhreppum hinum fornu og ganga síðan um svæðið og skoða sögustaði. Ekki spillir fyrir tignarleg náttúra, kyrrð og friður. Hægt er að ganga upp frá Unaðsdal yfir Dalsheiði að Dynjanda, þaðan til Grunnavíkur, yfir Snæfjallaheiði og síðan inn Ströndina að Dalbæ. Gönguleið þessi getur tekið nokkra daga – allt eftir því hvað hver og einn velur sér eða treystir sér til.



Æðey
Ljósmynd: Mats Wibe Lund

Fallegt umhverfi

Einnig er hægt að fara í styttri dagleiðir frá Dalbæ, t.d. ganga inn eftir Kaldalóni og að Drangajökli, út Snæfjallaströnd að Sandeyri eða inn Unaðsdal og upp á Dalsheiði. Á stilltum sumardögum, sem oft eru við Ísafjarðardjúp, blasir við stórfenglegt Djúpið og eyjarnar Æðey og Vigur.

Unaðsdalskirkja

Þá er tilvalið að skoða kirkjuna í Unaðsdal en hún er stærsta kirkjan við innanvert Ísafjarðardjúp og tekur um 100 manns í sæti. Kirkjuna prýðir 100 ára gamalt kirkjulistaverk eftir danskan málara, Anker Lund. Á hverju sumri er messað a.m.k. einu sinni í kirkjunni og er þá yfirleitt fjölmenni.

Kaldalón og Kaldalóns

Tónskáldið og lækurinn Sigvaldi Kaldalóns bjó að Ármúla á árunum 1910-1921. Hann var lækur í einu afskekktasta lækshéraði landsins, Nauteyrarhéraði. Sagt er að mörg af hans fallegustu sönglögum eins og t.d. Hamraborgin hafi orðið til vegna áhrifa frá stórfenglegri náttúrunni við norðanvert Ísafjarðardjúp.



Sýningin *Kaldalón og Kaldalóns* hefur verið sett upp í Dalbæ, en þar segir í myndum og máli frá tengslum tónskáldsins við norðanvert Djúp og einnig frá gönguleiðum yfir Drangajökul.



Steinn Steinarr – aldarminning Dagskrá 21. júní 2008, kl. 15.00

Skáldið Steinn Steinarr fæddist að Laugalandi í Nauteyrarhreppi árið 1908 og verður þann 21. júní dagskrá honum til heiðurs í Dalbæ. Þórður Helgason rithöfundur fjallar um áhrif Steins á íslenskar bókmenntir. Ása Ketilsdóttir kvæðakona sem býr á fæðingarstað Steins mun segja nokkur orð um tengsl hans við svæðið og flytja nokkur kvæða hans. Elfar Logi Hannesson og Þróstur Jóhannesson flytja á vegum Kómedíuleikhússins leikþáttinn *BÚLÚLALA – öldin hans Steins* sem fjallar um skáldið með söngvum og gítarundirleik og sönghópur frá Hólumvík flytur nokkur ljóða Steins sem gerð hafa verið lög við. Aðgangur er ókeypis.



Hlið inn í friðland Jökulfjarða

Dalbær stendur afskekkt, en það gefur staðnum einmitt gildi og gerir hann eftirsóknarverðan. Segja má að þar sé einskonar hlið inn í friðland Jökulfjarða og þar má fræðast um margt áður en lagt er upp í göngu. Fólksbílafært er allt sumarið að Dalbæ.



Ferðapjónustan

Ferðapjónustan í Dalbæ á Snæfjallaströnd verður rekin frá 12. júní - 24. ágúst sumarið 2008 og þar verða sögusýningar og viðburðir á vegum Snjáfjallaseturs.

Gistiaðstaða

Boðið er upp á tjaldstæði og svefnpokagistingu.

Veitingar

Í Dalbæ verður boðið upp á morgun- og hádegisverð, kaffi og meðlæti. Hægt er að panta kvöldverð.

Umsjón

Áslaug Jóhannsdóttir og Sigurður Sigurðsson sjá um ferðapjónustuna í Dalbæ.

Farsími er 898 9300.

Netföng: thruman@simnet.is

slaugaj@hotmail.com

Snjáfjallasetur

Framkvæmdastjóri er Ólafur J. Engilbertsson.

Farsími er 698 7533.

Netfang: snjafjallasetur@snjafjallasetur.is

Veffang: www.snjafjallasetur.is

Snjáfjallasetur

Dalbær

á Snæfjallaströnd

Ferðapjónusta

gisting og veitingar

Snjáfjallasetur

sögusýningar og viðburðir

